



HLUTAFÉ ARNARLANDS EHF. BOÐIÐ TIL SÖLU

Eigendur Arnarlands ehf., kt. 560821-0500 („félagið“), sem eru Landey ehf. og Fasteignafélagið Akurey ehf., hafa ákveðið að bjóða allt hlutafé sitt í félaginu til sölu.

Félagið er eignarhaldsfélag sem er eigandi landspildu sem nefnd er Arnarnesháls, fasteignanúmer 232-9932 og landnúmer 119730. Spildan, sem í daglegu tali nefnist Arnarland, er staðsett á norð-vestanverðum Arnarneshálsi í Garðabæ.

Í Arnarlandi hefur verið skipulögð glæsileg íbúðabyggð fyrir 451 íbúðareiningu (samtals um 50.000 fermetra af íbúðarhúsnæði). Auk þess er félaginu heimilt að reisa allt að 5.400 fermetra af atvinnuhúsnæði á skipulagssvæðinu. Byggingarréttur að öðru atvinnuhúsnæði í Arnarlandi hefur þegar verið seldur frá félaginu.

Frekari upplýsingar um fyrirhugaða uppbyggingu í Arnarlandi má finna á heimasíðu félagsins, www.arnarland.is.

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. hefur umsjón með söluferli á hlutafé félagsins. Áhugasömum fjárfestum sem uppfylla skilyrði hér að neðan og vilja taka þátt í söluferlinu er bent á að hafa samband við umsjónaraðila söluferlisins á netfangið arnarland2025@arionbanki.is, eða hafa samband við verkefnastjóra söluferlisins sem veitir upplýsingar um þá eign sem boðin er til sölu og aðra skilmála söluferlisins.

Þórður Ólafur Þórðarson, s. 665-0000, thordur.thordarson@arionbanki.is

Um skilmála söluferlisins

Hlutafé félagsins er boðið til sölu með söluferli sem byggir á útboðsfyrirkomulagi.

Öllum þeim fjárfestum sem teljast hæfir fjárfestar samkvæmt ákvæðum laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði sbr. ákvæði reglugerðar Evrópupingsins og Ráðsins (ESB) nr. 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB, er heimil þátttaka í söluferlinu. Jafnframt er öðrum þeim fjárfestum sem umsjónaraðili hefur sérstaklega boðið til ferlisins, heimil þátttaka í söluferlinu. Öðrum fjárfestum en þeim sem hér greinir, er hins vegar óheimil þátttaka í söluferlinu.

Áréttað er, að hlutafé félagsins er eingöngu boðið til sölu, en ekki einstakar lóðir eða önnur réttindi í eigu félagsins.

23. júní 2025,

Fyrir hönd Landeyjar ehf. og Fasteignafélagsins Akureyjar ehf.

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf.